

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 306/2022****2023/EES/48/17****frá 9. desember 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/825 frá 17. mars 2022 um breytingu á II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum eignum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 12nza (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0825**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/825 frá 17. mars 2022 (Stjtið. ESB L 147, 30.5.2022, bls. 3).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/825, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 30.5.2022, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.